

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntauálanefnd.

1. Við 8. gr. Orðin „hluta úr skólaári“ falli niður.
2. Við 10. gr.
  - a. Á eftir „Keflavíkurkaupstað“ í 2. tölul. komi: Grindavíkurkaupstað, Sel-tjarnarneskaupstað.
  - b. Á eftir „Ísafjarðarkaupstað“ í 4. tölul. komi: Bolungarvíkurkaupstað.
  - c. Á eftir „Ólafsfjarðarkaupstað“ í 6. tölul. komi: Dalvíkurkaupstað.
  - d. Á eftir „Neskaupstað“ í 7. tölul. komi: Eskifjarðarkaupstað.
3. Við 17. gr. 1. másl. 3. mgr. orðist svo:

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa.
4. Við 19. gr. 2. mgr. Niður falli úr gr. „(skólanefnd)“.
5. Við 20. gr.
  - a. Í stað orðanna „stjórn skólans“ í 1. másl. 2. mgr. komi: daglega stjórn skólans.
  - b. Upphaf 3. mgr. orðist svo:

Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og skal þá vísa málinu til skólanefndar. Ef samkomulag tekst ekki, má vísa málinu til fræðslustjóra, er fellir úrskurð o. s. frv.
6. Við 23. gr. Upphaf 1. málsgr. hljóði svo:

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í sam-ráði við skólanefnd og fræðsluráð.
7. Við 24. gr. Í stað orðanna „enda samþykki menntamálaráðuneytið og skóla-nefnd uppdreitti“ í 1. másl. 6. mgr. komi: enda liggja fyrir unsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins.
8. Við 26. gr. Upphaf gr. orðist svo:

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd, hvaða o. s. frv.
9. Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofn-kostnaði skólamannvirkis, miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins.
10. Við 29. gr. Upphaf 3. mgr. orðist svo:

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórn-ar og menntamálaráðuneytisins o. s. frv.
11. Við 31. gr. 1. mgr. Niður falli „til 5 ára í senn“.
12. Við 34. gr.
  - a. Upphaf 1. mgr. orðist svo: Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta o. s. frv.
  - b. 2. másl. 1. mgr. falli niður.
13. Við 36. gr. Í stað „28“ í 2. mgr. komi: 20.
14. Við 37. gr. 5. mgr. orðist svo: Við heimavistarskóla geta fóstur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun sótt um skipan í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.
15. Við 44. gr. 2. másl. 1. mgr. falli niður.
16. Við 45. gr. Greinin orðist svo:

Í grunnskóla skal jólaleyfi veitt frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmásunnudegi til og með þriðjudags eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfis dagar ákveðnir í reglugerð.

17. Við 48. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:  
Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem sækja þessa bekki skólans.
  - b. Í stað tölunnar „15“ í 2. mgr. komi: 12.
18. Við 51. gr. Niður falli í e-lið „sem talin eru geta stundað venjulegt grunnskólanám“.
19. Við 54. gr. 6. mgr. orðist svo:  
Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd og sálfræðipjónustu, sbr. 67. gr.
20. Við 57. gr.
  - a. 1. mgr. hljóði svo:  
Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa vitnisburði í lok hvers skólaárs eða námsáfangna. Vitnisburðir skulu færðir í prófbók skólans og í einkunna-  
bækur nemenda.
  - b. Í stað „einkunnir“ í 2. mgr. komi: vitnisburði.
21. Við 65. gr. Á eftir orðunum „heimild til að starfrækja tilraunaskóla“ bætist:  
eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs.
22. Við 67. gr. Í stað „ráðgjafarþjónustu sálfræðideilda“ í g-lið komi: ráðgjafar-  
þjónustuna.
23. Við 74. gr. Aftan við gr. bætist ný mgr.:  
Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra.
24. Við 76. gr. 5. mgr. Í stað orðanna „samkvæmt hámarki 44. gr.“ komi: 32.2  
kennslustundir (40 mín.).
25. Við 85. gr. C-liður falli niður.